

7. fundur stjórnar Prentsöguseturs 20. nóvember 2018, kl. 16
haldinn í Bókamiðstöðinni, Laugaveg.

Mættir: Heimir Br. Jóhannsson, Baldvin Heimisson, Þórleifur Friðriksson, og Sófus Guðjónsson, Þóra Elfa Björnsson en Svanur Jóhannesson komst ekki.

ÞEB skráði.

1. *Fjármálin* Heimir setti fundinn og sagði frá því að Baldvin hefði haldið fund með aðila sem líklegur er til að taka að sér fjársöfnun fyrir setrið. Greiðsla fyrir slíkt yrði tekin af innkomu. Nokkur umræða varð um hvort væri betra að fá styrk í eitt skipti frá fyrirtækjum eða að þau tækju áskrift og leist mönnum betur á einskíptisgreiðsluna. Fjársöfnunaraðilinn er að hugsa málið.
2. *Heimilsfang Prentsöguseturs* Rætt um hvert ætti að vera heimilisfang og símanúmer setursins en slíkt er hjá gjaldkera í dag, ætti kannski að vera á Laugaveginum. Og Heimir nefndi að gott væri að fá málsmetandi menn til að vera meðmælendur t.d. á kynningarpósti og koma fram á tyllidögum.
3. *Flutningur á tækjum* Í athugun er að flytja smærri tæki í hillur sem eru á staðnum, mátulega notaðar. Einnig hvernig staðið yrði að flutningi á setjaravél að láni úr Árbæjarsafni ef leyfi fæst til slíks. Þá var ákveðið að leita til Öryggismiðstöðvarinnar um að setja kerfi í gluggana en Þórleifur ætlar að hafa samband við fyrirtækið. Þá var minnt á muni sem eru í geymslu í bílskúr í Ártúnsbrekkunni og þyrfti að fara og skoða hvað er nothæft, hvað ekki.
4. *Önnur mál.* Ákveðið að athuga hvort hægt væri að fá nemendur úr t.d. Safnafræði í HÍ til að taka að sér skráningu muna sem er mjög aðkallandi. Ýtt á eftir tiltekt og málingu á staðnum.

Fleira ekki skráð.